

**Ed.**

**118. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þótt við að sumu leyti getum fallist á skoðun háttv. meðnefndarmanns okkar hvað þetta mál snertir, teljum við ekki rjett, eins og hag ríkissjóðs er var-  
ið, og brýn þörf á tekjuauka, að frumvarpið nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Benda viljum við á, að frumvarp þetta er að eins viðauki við samskonar  
lög, sem ekki gilda nema til ársloka 1921, og að sjálfsögðu verða þau þá annað-

hvort löguð rækilega eða látin alveg falla niður, komi það fram við reynsluna,  
að þau sjeu óheppileg.

Að svo mæltu ráðum við háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Guðm. Ólafsson,  
skrifari.

Guðjón Guðlaugsson,  
framsögum.